


# FYRSTA HEIMAVITJUN

## SKRÁNING Í SJÚKRASKRÁ

1. Við skráningu í sjúkraskrá móður í fyrstu heimavitjun skal nota sniðmátið „Fjölskylduhjúkrun/Vitjun“ sem er tengt við **tímabókun** í afgreiðslukerfinu til að auðvelda skráningu í sjúkraskrá foreldra. Hægt að nota F8 (útfylling blaða) í afgreiðslukerfinu eða búa samskiptin til í eyðublaðaeiningu með því að velja rétt sniðmát úr listanum.




2. Skrá þarf tilefni, greiningu og úrlausn á samskiptaseðil hjúkrunar:
  - **Tilefni:** Fjölskylduheilsufar (Gordon)
  - **Greining:**
    - Vilji til að efla fjölskyldulíf (NANDA 159)
    - Aðrar greiningar sem við á, til dæmis:
      - Sérstök kembiskoðun, ótilgreind (ICD-10 Z13.9). Notað ef EPDS og GAD-7 er lagt fyrir móður
      - Hætta á myndun veikra tengsla foreldris og barns (NANDA 58)
  - **Úrlausn:**
    - Virk hlustun (NIC 4920)
    - Tengslamyndun eflid (NIC 6710)
    - Aðrar úrlausnir sem við á, s.s. Kembileit (NIC 6520)
3. Í fyrstu heimavitjun þegar spurt er um heilsufar ætti að spyrja móður tveggja spurninga um þunglyndi og tveggja spurninga um kvíða samkvæmt [Vinnulagi við skimun og meðferð þunglyndis og kvíða í ung- og smábarnavernd](#).
4. Ef konan svarar játandi er niðurstaðan rædd og látið vita af sendingu spurningalista. Skráð er í texta mat hjúkrunarfræðings, áhyggjuefni móður og sérstakar athugasemdir.


5. Skimað er fyrir þunglyndi með EPDS og fyrir kvíða með GAD-7 kvíðakvarðandum samkvæmt leiðbeiningum. EPDS og GAD-7 spurningalistar eru sendir til móður í gegnum Heilsuveru eftir fyrstu heimavitjun.

Ef fram kemur í fyrstu heimavitjun að föður/annað foreldri líður illa og ákveðið að senda EPDS og GAD-7 spurningalista í gegnum Heilsuveru, þá er notuð þessi skráningaraðferð líka.

Búin eru til samskipti með því að velja „Fjölsk.hjúkrun/Skimun“ úr sniðmálistanum.



Við það verða til samskipti sem eru flokkuð sem færsla án samskipta og innihalda einn spurningalista. Setja skal inn annað spurningalistaeyðublað úr lista yfir samskiptaseðla eða úr flýtblöðum notanda.



Spurningalistarnir eru fylltir út fyrir hvorn lista á eftirfarandi hátt:

- Valinn réttur spurningalisti úr vallista, GAD-7 á annað eyðublaðið og EPDS á hitt.
- Viðtakandi má svara einu sinni.
- Áminning: Hægt er að velja dagsetningu fyrir áminningu. Skrá þarf dagsetningu fyrir áminninguna.

- **Tílefni: Ung- heimavítjun.**
- Skilaboð: Hægt er að skrifa skilaboð, ef vill.
- **Staðfesta þarf báða spurningalistana.** Spurningalistarnir eru sendir til viðtakanda í Heilsuveru þegar þeir hafa verið staðfestir.

**Spurningalisti**  
Spurningalisti

Flokkur  
(Allir spurningalistar) ...

Spurningalisti sem senda á  
EPDS (EPDS) ...

Viðtakandi má svara  
Einu sinni ...

Sendu áminningar  
Einungis ef svar hefur ekki borist ...

Spurningalistinn rennur út (má sleppa)  
...

Tílefni (má sleppa)  
Ung - heimavítjun ...

Skilaboð til einstaklings (má sleppa)  
Skilaboð til einstaklings

Spurningalistinn verður sendur viðtakanda í HeilsuVeru þegar þetta blað er staðfest.

Dagsetning  
17.11.2021 ...

Leita ...

- Við staðfestingu/sendingu birtist textasýn af eyðublaðinu.

Spurningalisti **Edinborgarkvarðinn: Spurningalisti um líðan kvenna eftir barnsburð** 

Sendandi: Sesselja Guðmundsdóttir, Hjúkrunarfræðingur, Þróunarstofa heilsugæslunnar  
Listi sendur: 21.02.2022 kl. 10:00  
Tílefni: Ung - heimavítjun  
Áminningar: Áminning verður send ef svar hefur ekki borist 28.2.2022

Aðgerðir

Engin svör hafa borist.

## 6. Svörun spurningalistana:

- Hægt er að sjá svörun EPDS og GAD-7 spurningalistana í **Eyðublaðaeiningunni** hjá móður/foreldri og í **Textasýn**.
- Hægt er að sjá svörun allra EPDS og GAD-7 spurningalistana sem sendir eru frá heilsugæslustöðinni undir **Yfirlit stofnunar**. Niðurstöður er litakóðaðar miðað við skor. Einnig er hægt að sjá spurningalista sem ekki hefur verið svarað.


7. Mögulegt er að skrá **fjölskyldutré og tengslakort** með því að fara efst í vinstra horn skjásins, velja „Saga“ og síðan „Fjölskyldutré og tengslakort“ úr listanum (sjá leiðbeiningar um fjölskyldutré og tengslakort).

**Ekki er hægt að svara EPDS/GAD-7 rafrænt í gegnum síma eða tölvu**

1. Ef **ekki** er hægt að svara EPDS/GAD-7 rafrænt í gegnum síma eða tölvu þá eru spurningalistarnir lagðir fyrir í heimavitjun og niðurstöður eru skráðar í Sögu.
2. Þá þarf að skrá niðurstöður úr EPDS í þar til gerðan reit í **mælingarkafla samskiptaseðilsins**.

Mælingar			
Blóðþr. (efri)	Blóðþr. (neðri)	Púls (sl/mín)	Hiti
Þyngd (kg)	Hæð (cm)	Lþs	Mittismál
Sjón (h)	Sjón (v)	Augnþr.(h) (mmHg)	Augnþr.(v) (mmHg)
HB	Sökk	Peak flow	Blóðs
EPDS 5	Legbotn (cm)		

3. Niðurstöður úr GAD-7 eru þá skráðar í reitnum **Geðkvarðar** undir **Mælingar**.



The screenshot shows a software interface with a sidebar on the left containing various icons for different medical services. The main area displays a list of measurements under the heading 'Mælingar'. The 'Geðkvarðar' (Mental status) item is circled in red. Below it, there are several other measurement items, including 'Göngupróf - Fyrri Mæling', 'Göngupróf - Seinni Mæling', 'Hæð, þyngd og ummál', and 'Mat á áhættu fyrir vannæringu'.